

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur fiskur veiddur í botnvörpu, dragnót, þorsk- ýsu- og ufsanót skal ætíð slægður og þveginn um borð í veiðiskipi svo fljótt er við verður komið, eftir að honum hefur blætt út. Sama gildir um fisk aflaðan með öðrum veiðarfærum, ef veiðiskip leggja ekki afla sinn á land daglega. Á tímabilinu 20. maí — 15. september ár hvert, skal slægja allan fisk um borð án tillits til þess með hvaða veiðarfærum hans er aflað.

Þess skal vel gætt við þvott, að ekki sé skilið eftir í kviðarholi fisksins leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði. Fisk skal slægja þannig, að ekki sé skorið fram úr lifodda.

Karfi er undanskilinn framangreindum ákvæðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

11. september 1968.

Nr. 247.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða:

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, er taka gildi 1. janúar 1969, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962.

1. Frestur sáttasemjara ríkisins skv. 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. nóvember 1968.
2. Frestur aðila skv. 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. des. 1968.
3. Frestur Kjaradóms skv. 14. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 16. des. 1968.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.